

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Háskóla Íslands,
28. febrúar 2003

Berist Allsherjarnefnd Alþingis
Varðar: Þskj. 132 – 132. mál. 128. löggjafarþing 2002–2003.

Umsögn frá FSS – Félag sam- og tvíkynhneigðra stúdenta, um þingsályktunartillögu um skipun nefndar til að kanna réttarstöðu samkynhneigðs fólks

Ágæta allsherjarnefnd

Stjórn FSS hefur farið yfir tillögu til þingsályktunar þeirra sem fram hefur komið um skipun nefndar til að kanna réttarstöðu samkynhneigðs fólks og lýsir yfir eindregnum stuðningi við hana. Í greinargerð er gert ráð fyrir að helst séu tekin fyrir tvö atriði; réttur til að eignast og ala upp börn og í öðru lagi réttarstaða í sambúð.

Við viljum hvetja til þess að hin fyrirhugaða nefnd muni skoða einn þátt í viðbót þar sem samkynhneigðum er mismunað. Sá mismunur felst í því hvernig löggerningur staðfestar samvistar kemur til. Við myndum vilja sjá þann möguleika að leyfa trúfélögum að sjá um löggerning staðfestar samvistar. FSS vill þó alls ekki hvetja til þess að trúfélögum verði skylt að sjá um giftingu samkynhneigðra en við teljum að sá möguleiki verður að vera til staðar til að gæta jafnræðis. Trúfrelsi það sem er bundið í 63. grein Stjórnarskrárinnar nýtur sín að öðrum kosti ekki til fulls.

Vegna þessa tillagna mætti fyrsta efnisgrein greinargerðarinnar hljóma svo: (athugið að breytingar eru feitletraðar)

Hér á landi hafa verið stigin mjög mikilvæg skref í þá átt að jafna stöðu samkynhneigðra og gagnkynhneigðra í samfélaginu. Enn vantar þó nokkuð upp á að fullt jafnræði sé til staðar á þessu sviði og er afar brýnt að bæta þar úr. Koma hér fyrst og fremst til álita **þrjú** atriði, í fyrsta lagi réttur samkynhneigðra til að eignast og ala upp börn, **[og]** í öðru lagi réttarstaða samkynhneigðra í sambúð **og í þriðja lagi hvernig heimilt er að stofna til staðfestar samvistar.**

Samkynhneigðum er mismunað á grundvelli þess hvernig löggerningur sambands þeirra kemur til, en þeim er ekki heimilt að stofna til hans í trúfélagi sínu eins og



gagnkynhneigð pör. Það hlýtur að vera frelsi hvers trúfélags að taka sjálfstæða afstöðu til þess hvort að þeir gefi saman samkynhneigða en einnig hlýtur það að vera réttur hópa einstaklinga að stofna með sér félag sem að sér um löggerning þann sem um ræðir og einungis hefur mátt framkvæma af fulltrúa sýslumanns.

FSS er fjögura ára félag með yfir 200 félagsmenn. Við erum áberandi og öflugt félag sem tókum þátt í miklum atburðum innan skólans og utan. Félagið hefur skapað umræðu innan Háskólans og m.a. grundvöll þess að Námsráðgjöf HÍ hefur sérstaklega sérmenntað einn ráðgjafa í erfiðleikum sem nemendur geta lent í vegna kynhneigðar sinnar.

Við þökkum fyrir þann heiður að til okkar hafi verið leitað um umsögn vegna þingsályktunnar.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar FSS,

Guðlaugur Kristmundsson
formaður FSS 2002-2003



Félag sam- og tvíkynhneigðra stúdenta
Stúdentaheimilinu við Hringbraut
101 Reykjavík

gay.hi.is
gay@hi.is